

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Efni:

Lýsing á breytingum á fjörum og lífríki við Hvalfjörð.

Ég er fæddur og uppalinn á Melum á Kjalarnesi og verið viðloðandi staðinn meir og minna alla tíð. Frá því ég man eftir mér voru farnar ferðir niður í fjöruna á Melum reglulega, fyrst með eldri systkinum mínum og svo síðar einn að leika mér eða við pabbi heitinn brugðum okkur í reiðtúr í fjöruna. Fram undir 1980 var fjaran frá Markalæka og út að Óskiftu samfelld, eggslétt sandfjara sem var gaman að þeysa eftir. Í dag er þessi fjara að mestu berar klappir, sandurinn farinn og grjótið sem var alltaf efst í fjörunni. Fjaran hefur lækkað um allt að einum meter og jafnvel meira á stöku stað. Landrof orðið á sjávarbökkum síðustu ár sem ég hef ekki séð áður.

Efst í fjörunni norðan Markalækjar og inn fyrir Norðurkotsklett var alltaf stór malaralda sem fór oft í kaf í þara eftir vestan brimrót. Þarinn gat verið svo mikill og gljúpur að ég gekk ekki yfir bunkann. Unndanfarin ár hef ég ekki séð neinn þarabunka í fjörunni í líkingu við það sem áður var. Eins var með fjöruna innfrá undir Höfðalágum, þar mynduðust heilu þaraskaflarnir víða sem sjást varla í dag eftir vestan brimrótið. Svo virðist sem lífríki þarans sé á hröðu undanhaldi í fyrðinum. Kuðungar sem þöktu oft klettana sjást ekki nú orðið í neinu mæli.

Þessar breytingar sem ég hef lýst hafa átt sér stað allt frá því ég man eftir mér úr fjöruferðunum um og uppúr 1970. Fyrstu breytingarnar voru að klappir og klettakollar fóru að gæjast uppúr sandinum, og þar sem fyrir voru stórir steinar eða klapparkollar, þá fóru þeir að vera hærri í fjörunni. Þessar breytingar gerðust frekar hægt en þó augljóslega fram yfir 1990. Um og fyrir aldamótin 2000 verða hinsvegar verulegar og mjög hraðar breytingar á fjöru og sjávarbökkum. Sandur og grjót hverfur úr fjörunni, sjávarbakkar rofna og á tímabili sáust greinilegar breytingar milli daga. Á þessum tíma hefur dæling malarefna af hafsbotni á Laufagrunni fyrir landi Mela staðið yfir í nokkur ár, og það mjög nálægt landi.

Í mínum huga er malartaka af hafsbotni Hvalfjarðar eitt stórt umhverfisslys. Slys sem er óafturkræft. Nánast allt laust efni úr fjörunni á Melum og allt inn að ós Kiðafellsár er horfið, lífríkið hefur einnig borði skaða af s.s kuðungar og þaragróður. Ójafnvægi hefur myndast af þessari efnistöku sem verður eitthverja mannsaldra að jafna sig ef það þá nær því nokkurn tímann.

Laufbrekku Kjalarnesi 04.10.2007

Guðni Indriðason
280165-5069